



ISCY
International Study
of City Youth



Rannsóknasjóður

RANNSÓKNIN BORGARBÖRN

KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

NEMENDUR Á 19 . ÁRI VORIÐ 2018

Dr. Kristjana Stella Blöndal dósent á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands

Elín Broddadóttir meistari í þróunarfræðum

2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Kristjana Stella Blöndal og Elín Broddadóttir, 2019 ©

Útgefandi: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

EFNISYFIRLIT

Borgarbörn	3
Fræðilegur rammi	4
Fyrri hluti: Kvennaskólinn í Reykjavík	6
Afstaða til skólans	7
Skuldbinding nemenda	9
Lykilhæfni í nútímasamfélagi	12
Framtíðin	14
Seinni hluti: Framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu	16
Samanburður milli skóla	17

BORGARBÖRN



Alþjóðlega rannsóknin Borgarbörn eða *International Study of City Youth* (<http://iscy.org>) nær til ellefu borga í tíu löndum sem eru auk Reykjavíkur og nágrannasveitarfélaga: Barcelona, Bergen, Bordeaux, Ghent, Melbourne, Montreal, Sacramento, Santa Barbara, Turku og Wrocław.

Meginmarkmið rannsóknarinnar er samanburður á áhrifum skóla og menntakerfa á námsferil ungmenna og á viðhorfum þeirra til skóla og menntunar í borgunum ellefu. Að auki mun rannsóknin auka skilning á því hvort og þá hvernig íslenska menntakerfið – samanborið við önnur menntakerfi – ýtir undir skilvirkni og jöfnuð fyrir ungt fólk sem stendur á tímamótum á leið á vinnumarkað eða í frekara nám, og hæfni þess til að taka virkan þátt í samfélaginu.

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar hér á landi er Kristjana Stella Blöndal, dósent á Félagsvísindasviði H.Í.

Rannsóknin hlaut þriggja ára styrk úr Rannsóknasjóði RANNÍS árið 2018, númer 184730-051.

Sótt var um tilskilin leyfi árið 2014 þegar langtímarannsóknin hófst í samráði við Persónuvernd. Könnunin var jafnframt tilkynnt til Persónuverndar, nr. S7011.

Þátttakendur í Borgarbörnum eru nemendur á höfuðborgarsvæðinu sem fæddust árið 1999 og voru í 10. bekk skólaárið 2014-2015. Það skólaár var könnunin lögð fyrir um 2000 nemendur í 44 grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Vorið 2018 var ungmennunum fylgt eftir þegar þeir voru á 19. ári, bæði meðal framhaldsskólanema og þeirra sem ekki voru í skóla.

Allir 13 almennu framhaldsskólar höfuðborgarsvæðisins tóku þátt í könnuninni síðasta vor og fá nú sendar niðurstöður fyrir sinn skóla.


Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka kærlega fyrir þátttökuna og gott samstarf nú sem áður.

Kristjana Stella Blöndal

FRÆÐILEGUR RAMMI



Eitt meginmarkmið rannsóknarinnar **Borgarbörn** er að kanna hvaða þættir ráða mestu um námsval og námsgengi ungmenna. Sjónum er beint að því hvaða einkenni skóla, skólakerfa og samfélaga stuðla að áhuga nemenda, góðum námsárangri og námsframvindu í borgunum ellefu. Fræðilegan ramma rannsóknarinnar má sjá á myndinni hér að neðan. Gert er ráð fyrir að frammistaða nemanda mótist af þáttum sem tengjast einstaklingnum sjálfum, fjölskyldunni, skólanum, og því menntakerfi og samfélagi sem hann býr við. Samkvæmt þessari nálgun mótast félagslegt samhengi borga, svo sem félags- og efnahagslegar aðstæður, menntakerfi og einkenni skóla, afstöðu nemenda til náms og framtíðarsýn þeirra. Sú afstaða hefur á móti áhrif á skuldbindingu til náms og skóla og á lykilhæfni nemenda til að taka þátt í nútíma samfélagi. Þetta samspil borgaralega umhverfisins og einstaklingsþáttanna hefur síðan áhrif á frammistöðu nemenda í námi.¹



¹ Lamb, S., Jackson, J. og Rumberger, R. (2015). *ISCY Technical Paper: Measuring 21st Century Skills in ISCY. Technical Report*. Victoria University, Centre for International Research on Educational Systems, Melbourne, Victoria. <http://vuir.vu.edu.au/31682>

Í þessari skýrslu kynnum við niðurstöður meðal 1403 framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu sem voru á 19. aldursári þegar könnunin fór fram vorið 2018. Svörun í könnuninni var 67%.

Við beinum sjónum að afstöðu þeirra til skólans, skuldbindingu þeirra, lykilhæfni og framtíðarsýn.

Þátttakendur í Kvennaskólanum í Reykjavík voru 159 nemendur á 19. ári, 41 strákur, 117 stelpur og einn sem merkti við annað.

Í fyrri hluta skýrslunnar eru kynntar niðurstöður fyrir skólann en í þeim seinni eru niðurstöður framhaldsskólanna 13 á höfuðborgarsvæðinu bornar saman.

FYRRI HLUTI

KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK


AFSTAÐA TIL SKÓLANS



Gildi námsins

Nemendur á 19. ári voru beðnir um að taka afstöðu til gildis námsins í skólanum. Niðurstöður um hversu sammála eða ósammála þeir voru fullyrðingunum um námið má sjá á myndinni hér að neðan (í prósentum). Mikill meirihluti nemenda taldi námið mikils virði og góðan undirbúning fyrir framtíðina.


Gildi námsins (%)



Skólinn

Í þessum lið var leitað eftir mati nemenda á skólanum með því að kanna afstöðu þeirra til kennara, verkefna og hversu vel þeir töldu skólann stuðla að góðum árangri. Spurt var hvernig þeim fannst skólinn standa sig á þessum þáttum og má sjá niðurstöðurnar á myndinni hér að neðan. Svarendur töldu skólann standa sig vel, varðandi aðstoð og stuðning við nemendur til að ná góðum árangri og gera sitt besta. Nánast allir nemendur voru ánægðir með kennara sína og langflestir töldu verkefnin áhugaverð.

Mat nemenda á hvernig skólinn stendur sig í eftirtöldum atriðum (%)



SKULDBINDING NEMENDA




Í þessum hluta er fjallað um skuldbindingu til náms og skóla eins og hún birtist í áhuga nemenda á náminu, hegðun í skólanum, samsömun og félagslegum tengslum við skólann.

Áhugi á náminu

Svör nemenda um áhuga sinn á náminu eru sýnd á myndinni hér að neðan. Nemendur voru spurðir hve mikinn áhuga þeir hefðu á náminu og helmingur hafði mikinn eða mjög mikinn áhuga. Mikill meirihluti hafði jákvæða afstöðu til annarra fullyrðinga um námið en þó var tæplega fimmtungur til fjórðungur neikvæður í afstöðu sinni.


Áhugi nemenda á náminu (%)



Hegðun í skólanum

Myndin sýnir svör nemenda um mætingu og við spurningunni um hvort og þá hversu oft þeir höfðu lent í deilum við kennara út af slæmri hegðun sinni. Spurt var hversu oft á skólaárinu nemendur höfðu sýnt viðkomandi hegðun. Tveir af hverjum þremur sögðust aldrei hafa verið fjarverandi heilan skóladag án leyfis á skólaárinu og um fimmtungur hafði aldrei skrópað í kennslustund og aldrei komið of seint í skólann. Aftur á móti hafði helmingur skrópað 5 sinnum eða oftar. Lítil hópur nemenda hafði lent í deilum við kennara vegna slæmrar hegðunar.


Hegðun í skólanum (%)



Samsömun og félagsleg tengsl

Myndin sýnir niðurstöður fyrir samsömun nemenda við skólann með vísan til líðan þeirra í skólanum og félagslegra tengsla við hann. Nemendur voru almennt ánægðir með lífið í skólanum og nánast allir töldu að þeir myndu útskrifast með góðar minningar um hann. Langflestum fannst þeir vera hluti af tilteknum hópi í skólanum en innan við helmingur tók virkan þátt í félagslífi skólans.

Samsömun og félagsleg tengsl (%)



LYKILHÆFNI Í NÚTÍMASAMFÉLAGI




Í þessum hluta er fjallað um lykilhæfni sem talin er sérstaklega mikilvæg í nútímasamfélagi.

Sköpun, tjáningarhæfni og félagsfærni

Myndin sýnir mat nemenda á eigin félagsfærni og hæfni til sköpunar og tjáningar. Meirihlutinn taldi sig eiga auðvelt með og njóta þess að vera skapandi. Jafnframt taldi stór hluti sig eiga auðvelt með að koma hugmyndum sínum á framfæri við aðra þótt það ætti ekki við um fjórðung hópsins. Nánast allir töldu félagsfærni sína góða.


Sköpun, tjáningarhæfni og félagsfærni (%)



Námshegðun

Myndin sýnir niðurstöður um námshegðun nemenda með vísan í hversu mikið þeir lögðu á sig í náminu, hvernig þeir nálguðust verkefni og sjálfstjórnun í námi. Þrír af hverjum fjórum sögðust leggja mikið á sig í námi og mikill meirihluti sagðust alltaf reyna að gera sitt besta í náminu og halda áfram með verkefni þar til því er lokið. Aftur á móti sagðist meirihluti nemenda truflast auðveldlega í kennslustundum og hafði tilhneigingu til að fresta hlutum.

Námshegðun (%)



FRAMTÍÐIN




Í þessum hluta eru kynntar niðurstöður um áform nemenda eftir framhaldsskóla og framtíðarsýn þeirra.

Áform eftir framhaldsskóla

Niðurstöður um hvað nemendur bjuggust við að gera eftir framhaldsskóla má sjá á myndinni hér að neðan. Ef nemendur ætluðu að ferðast eða taka hlé frá skóla voru þeir spurðir hvað þeir ætluðu að gera eftir það. Stór meirihluti nemenda bjóst við að fara í háskóla og þar af 16 prósent í erlenda háskóla. Fáir ætluðu í starfsnám, annað hvort á framhaldsskólastigi eða viðbótarstigi framhaldsnáms (t.d. í flugnám eða kvikmyndagerð). Tæplega einn af hverjum sjö bjóst við að fara að vinna að framhaldsskóla loknum.


Hvað býstu við að gera eftir að þú lýkur framhaldsskóla? (%)



Framtíðarsýn

Myndin sýnir mat nemenda á fullyrðingum um sýn þeirra á framtíðina. Langflestir litu björtum augum til framtíðar með tilliti til vinnu og nánast allir voru ánægðir með framtíðina almennt.

Framtíðarsýn (%)



SEINNI HLUTI

FRAMHALDSSKÓLAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

SAMANBURÐUR MILLI SKÓLA



Í þessum hluta skýrslunnar eru niðurstöður framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu bornar saman á þáttum sem endurspeglu afstöðu nemenda á 19. ári til skuldbindingar til náms og skóla, lykilhæfni og sýn þeirra á framtíðina.

Þættirnir byggjast á leitandi þáttagreiningu (*exploratory factor analysis*) á 35 atriðum og var fylgt þeirri fræðilegu nálgun sem liggur til grundvallar í alþjóðlegu rannsókninni ISCY sem kynnt var hér að framan. Niðurstöður þáttagreiningarinnar fyrir höfuðborgarsvæðið samsvara niðurstöðum annarra þátttökuborga.² Jafnframt skal tekið fram að sambærilegir þættir fyrir skuldbindingu til náms og skóla hafa áður komið fram í íslenskum rannsóknum.³

Niðurstöðurnar leiddu í ljós tíu þætti (átta kynntir hér) og var hver þáttur notaður til að mynda samsetta mælingu. Miðað var við algenga viðmiðunarkröfu um að atriðin hefðu hleðslu yfir 0,3 við eigin þátt⁴ og voru þau í langflestum tilvikum þáttalega hrein, það er hlóðu aðeins á einn þátt. Niðurstöður atriðagreiningar leiddu í ljós viðunandi innri áreiðanleika fyrir þættina.

Á eftirfarandi myndum eru kynntar niðurstöður skólans í samanburði við hina þátttökuskólanna tólf. Auk þess er sýnt heildarmeðaltal allra skóla fyrir hvern þátt. Sá útreikningur byggist á vigtuðum gögnum þannig að meðaltal hvers skóla vegi jafn mikið þótt þátttakendur væru mismargir eftir skólum. Notuð var dreifigreining (Anova/F-próf) til að athuga hvort marktækur munur væri á meðaltölum skóla fyrir hvern þátt og Duncan-efir-á-próf til að greina hvar marktækur munur var á meðaltölum skóla. Miðað var við 95% vissu ($p < 0,05$). Niðurstöður marktæktarprófa eru birtar fyrir neðan hverja mynd.

Eftirtaldir þættir voru bornir saman sem endurspeglu afstöðu til náms og skóla, skuldbindingu nemenda og lykilhæfni: Gildi námsins, námsáhugi, skólasókn, samsömun við skóla, námshegðun, félagsfærni, tjáningarhæfni, sköpun og framtíðarsýn. Marktækur munur var á milli skólanna á öllum þáttunum fyrir utan þáttinn sköpun og því er ekki birt mynd af sköpunarþættinum eftir skólum.

² Lamb, S., Jackson, J. og Rumberger, R. (2015). *ISCY Technical Paper: Measuring 21st Century Skills in ISCY. Technical Report*. Victoria University, Centre for International Research on Educational Systems, Melbourne, Victoria. Sótt af <http://vuir.vu.edu.au/31682>

³ Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir. (2016). *Sérkenni námsferils starfsnámsnemenda í framhaldsskóla – afstaða og skuldbinding til náms, líðan og stuðningur foreldra og skóla*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af https://skemman.is/bitstream/1946/26433/1/serkenni_starfsnams.pdf


Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2014). Parenting in relation to school dropout through student engagement: A longitudinal study. *Journal of Marriage and Family*, 76, 778-795. DOI: 10.1111/jomf.12125

⁴ Einar Guðmundsson og Árni Kristjánsson. (2005). *Gagnavinnsla í SPSS*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gildi náms

Myndin hér að neðan sýnir samanburð á mati nemenda á gildi náms eftir framhaldsskólunum 13 og heildarmeðaltal allra skóla (rauða súlan). Viðhorf nemenda til gildis náms voru metin með eftirfarandi fjórum fullyrðingum: *Það sem við lærum í skólanum er nauðsynlegt til að ganga vel í framtíðinni, til að ná árangri á vinnumarkaði skiptir máli að leggja mikið á sig í námi, í skólanum læri ég færni sem er mikils virði og námið veitir mér gagnlegan undirbúning fyrir það sem ég stefni á gera í lífinu.* Svarmöguleikar voru fjórir og því hærrí einkunn því meira mátu nemendur gildi námsins.

Marktækur munur kom fram á þann hátt að nemendur í skólunum í þremur efstu sætunum töldu námið að jafnaði hafa meira gildi en nemendur í skólunum í lögstu tveimur sætunum. Jafnframt kom fram að nemendur í skólum í 3.–10. sæti töldu gildi námsins meira en nemendur í skólanum með lágsta meðaltalið.



Niðurstöður marktæktar, $p < 0,05$:


11.–13. > 1.–2.

3.–10. > 1. sæti

Námsáhugi

Myndin sýnir niðurstöður um námsáhuga nemenda eftir framhaldsskólum og heildarmeðaltal allra skóla (rauða súlan). Námsáhugi var metinn með eftirfarandi fjórum atriðum. Nemendur voru spurðir *hve mikinn áhuga hefur þú á náminu* auk þess sem þeir tóku afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga: *Mér finnst flest í náminu leiðinlegt, ég hef ánægju af því sem ég geri í kennslustundum* og *skóli er oft tímasóun*. Svarmöguleikar voru fjórir og því hærrí einkunn því meiri áhuga höfðu nemendur að jafnaði á náminu.

Nemendur í skólanum með hæsta meðaltalið höfðu marktækt meiri áhuga á náminu en nemendur í skólunum í lægstu fjórum sætunum. Jafnframt voru nemendur skóla í 11. og 12. sæti með meiri námsáhuga en nemendur skóla í lægstu tveimur sætunum.



Niðurstöður marktæktar, $p < 0,05$:

13. sæti > 1.–4.

11.–12. > 1.–2.

Skólasókn

Myndin sýnir samanburð á skólasókn eftir framhaldsskólum ásamt heildarmeðaltali allra skólanna (rauða súlan). Skólasókn var metin með eftirfarandi þremur spurningum: *Hversu oft hefur þú gert eftirfarandi á þessu skólaári? Skrópað í kennslustund, verið fjarverandi heilan dag án leyfis og komið of seint í skólann.* Svarmöguleikarnir voru fimm (frá aldrei að sjö sinnum eða oftar). Því hærrí einkunn því betri var skólasókn nemenda.

Skólasókn var betri í skólunum í hæstu fimm sætunum en í skólunum í þremur lágstu sætunum. Í skólum í 5.–8.sæti voru nemendur með betri skólasókn en í skólunum í lágstu tveimur sætunum. Auk þess kom fram að í skóla í 4. sæti var skólasókn betri en í skólanum með lágsta meðaltalið.



Niðurstöður marktæktar, $p < 0,05$:

9.–13. > 1.–3.

5.–8. > 1.–2.


4. sæti > 1. sæti

Samsömun við skóla

Myndin sýnir samanburð eftir skólum á samsömun nemenda við sinn framhaldsskóla.

Samsömunin var metin með eftirfarandi fjórum atriðum: *Mér líkar vel í skólanum, ég mun útskrifast með góðar minningar úr þessum skóla, ég er örugg/ur í skólanum og hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með líf þitt í skólanum?* Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærrí einkunn því meiri samsömun.

Fram kom marktækur munur á þann hátt að nemendur í skólanum með hæsta meðaltalið samsömuðu sig betur skólanum en nemendur í skólum í 1.–10. sæti. Í skólum í 11. og 12. sæti var samsömun nemenda meiri en í skólunum í lægstu fimm sætunum. Samsömun var meiri í skólum í 9. og 10. sæti en í skólunum í lægstu tveimur sætunum og skólar í 6.–8. sæti voru hærrí en skólinn þar sem samsömun var minnst.



Niðurstöður marktæktar, $p < 0,05$:

13. sæti > 1.–10.

11.–12. > 1.–5.


9.–10. > 1.–2.

6.–8. > 1. sæti

Námshegðun

Myndin sýnir samanburð á námshegðun nemenda í framhaldsskólunum 13. Námshegðun var metin með eftirfarandi fjórum atriðum: *Ég legg mikið á mig í námi, ég reyni alltaf að gera mitt besta í náminu, ég held áfram með verkefni þar til því er lokið og ég skila verkefnum alltaf á réttum tíma*. Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærrí einkunn því betri námshegðun.

Marktækniútreikningar sýndu að einn skóli skar sig úr þar sem meðalmat nemenda á námshegðun sinni var hæst. Nemendur gáfu námshegðun sinni marktækt betri einkunn í skólum í 9. til 12. sæti en í skólanum með lægsta meðaltalið.



Niðurstöður marktæktar, $p < 0,05$:


13. sæti > 1.–12.

9.–12. > 1. sæti

Félagsfærni

Myndin sýnir félagsfærni nemenda eftir framhaldsskólum. Félagsfærni var metin með eftirfarandi fjórum atriðum: *Ég er sanngjörn/gjarn við aðra, ég skil hvernig öðrum líður, mér semur vel við aðra og ég gef mér tíma til að hjálpa öðrum*. Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærri einkunn því meiri töldu nemendur félagsfærni sína.

Sá skóli þar sem nemendur mátu félagsfærni sína mesta var marktækt hærri en skólarnir í 1.–8. sæti. Sá skóli þar sem nemendur mátu félagsfærni sína næstmesta var með marktækt hærri meðaltal en skólarnir í lægstu fimm sætunum. Í skólanum með þriðja hæsta meðaltalið mátu nemendur félagsfærni sína marktækt hærri en í skólunum í lægstu þremur sætunum og skólinn í 10. sæti var hærri en skólinn með lægsta meðaltalið.




Niðurstöður marktæktar, $p < 0,05$:

- 13. sæti > 1.–8.
- 12. sæti > 1.–5.
- 11. sæti > 1.–3.
- 10. sæti > 1. sæti

Tjáningarhæfni

Myndin sýnir samanburð á niðurstöðum fyrir mat nemenda á eigin tjáningarhæfni í framhaldsskólunum 13. Tjáning var metin með eftirfarandi fjórum atriðum: *Ég á auðvelt með að tjá mig í rituðu máli, ég er góður leiðtogi, ég á auðvelt með að tjá mig í orðum og ég á auðvelt með að koma hugmyndum mínum á framfæri við aðra.* Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærra einkunn því auðveldara áttu nemendur með tjáningu að eigin mati.

Sá skóli þar sem nemendur mátu tjáningarhæfni sína mesta var marktækt hærri en skólarnir í 1.–7. sæti og skólinn með næsthæsta meðaltalið var marktækt hærri en skólarnir í fimm lægstu sætunum. Skólar í 8.–11. sæti voru með marktækt hærri meðaltal en skólarnir í lægstu fjórum sætunum og skólinn í 7. sæti var með hærri meðaltal en skólinn í 1. sæti.




Niðurstöður marktæktar, $p < 0,05$:

- 13. sæti > 1.–7.
- 12. sæti > 1.–5.
- 8.–11. > 1.–4.
- 7. sæti > 1. sæti

Framtíðarsýn

Myndin sýnir samanburð á hversu jákvæð framtíðarsýn nemenda var eftir framhaldsskólum. Framtíðarsýn var metin með eftirfarandi þremur atriðum: *Ég er viss um að ég fái góða vinnu að námi loknu, það er fátt sem getur komið í veg fyrir að ég nái markmiðum mínum og hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með framtíðina þína?* Svarmöguleikarnir voru fjórir og því hærri einkunn því jákvæðari framtíðarsýn höfðu nemendur.

Marktækur munur kom fram á þann hátt að skólinn þar sem framtíðarsýn var jákvæðust var með marktækt hærri meðaltal en skólarnir í lögstu sex sætunum. Nemendur í skólunum með næst- og þriðja hæsta meðaltalið voru jákvæðari gagnvart framtíðinni en nemendur í skólunum með þremur lögstu meðaltölin og skólar í 5.–10. sæti voru hærri en skólinn með lágsta meðaltalið.



Niðurstöður marktæktar, $p < 0,05$:

- 13. sæti > 1.–6.
- 11.–12. > 1.–3.
- 5.–10. > 1. sæti